

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 58. fundur.

að Hlíðavegi 6, 14. maí 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðaþjónustu ehf.
3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi, á einkaheimili til handa Þuríði Helgadóttur, Björk.
4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Péttri Gíslasyni f.h. Lake View ehf.
5. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi, á einkaheimili til handa Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1.
6. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 28. apríl.
7. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, styrkbeiðni v/verkefnisins Bændur græða landið.
8. Fundargerð Umhverfisnefndar dags. 11. maí.
9. Fundargerð Veitnanefndar dags. 12. maí.
10. Erindi frá sýslumanni ósk um heimild til niðurfellingar opinberra gjalda.

Til kynningar.

Fundargerð aðalfundar DA dags. 29. apríl.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 29. apríl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 10 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðaþjónustu ehf.

Með bréfi dags. 8. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu gistingar, flokkur II, til handa Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðaþjónustu ehf. og nýtt rekstrarleyfi til sölu veitinga á sama stað, flokkur II. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi, á einkaheimili til handa Þuríði Helgadóttur, Björk.

Með bréfi dags. 8. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu gistingar á einkaheimili, flokkur I, til handa Þuríði Helgadóttur, Björk. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Pétri Gíslasyni f.h. Lake View ehf.

Með bréfi dags. 11. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til sölu gistingar og veitinga, flokkur V, til handa Pétri Gíslasyni f.h. Lake View ehf. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

5. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi, á einkaheimili til handa Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1.

Með bréfi dags. 8. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til sölu gistingar á einkaheimili, flokkur I, til handa Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1. Reksturinn er í nafni Geiteyjar ehf. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

6. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 28. apríl.

Liður 1, þar sem óskað er eftir breytingu á áður samþykktum teikningum fyrir þjónustuhús við Dimmuborgir og liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 10, eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

7. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, styrkbeiðni v/verkefnisins Bændur græða landið.

Með bréfi dags. 30. apríl óskar Landgræðsla ríkisins eftir styrk frá Skútustaðahreppi kr. 300 þús. til verkefnisins „Bændur græða landið“. Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 200 þús.

8. Fundargerð Umhverfisnefndar dags. 11. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir bréf Sólveigar Jónsdóttur og Ásdísar Illugadóttur þar sem þær koma á framfæri skoðunum sínum á umhverfis og umgengnismálum í Mývatnssveit. Nefndin tekur undir að Mývetningar geti tekið sig verulega á í þeim efnum. Ekki er verið að ætlast til að fyrirtæki og einstaklingar leggi út í kostnaðarsamar framkvæmdir til fegrunar eins og árferðið er í efnahagsmálum þjóðarinnar heldur að hver og einn geri það sem hann geti til bættrar ásýndar. Á fund nefndarinnar mætti Þorkell Björnsson, heilbrigðisfulltrúi og benti m.a. á reglugerðir þar sem finna mætti viðurlög sem hægt er að beita ef þurfa þykir. Ekki er þó lagt til að í slíkar aðgerðir verði farið að sinni heldur verði reynt einu sinni enn að höfða til almennrar skynsemi. Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að:

- Í ár eins og hin fyrri verði boðið uppá þá þjónustu að sækja heim til fólks stærri hluti svo sem ónýta bíla og tæki.
- Kannað verði hvort ekki finnist staður utan alfaraleiðar þar sem hægt verði að geyma á einum stað bíla og tæki sem ekki eru í notkun.
- Kannað verði hvort ekki sé hægt að fá góð afsláttarkjör á málningu fyrir þá sem áhuga hafa á að mála.
- Kannað verði hvort átaksverkefni sem Bændasamtökin stóðu fyrir til fegrunar umhverfis í sveitum sé enn til staðar.
- Kannað verði hvort ekki sé hægt að setja bann við lausagöngu búfjár innan veghelgunarsvæðis kringum Mývatn sem gæti þá leitt til þess að hægt væri að taka upp ónýtar girðingar í staðinn eða a.m.k fækka þeim.

Í þriðja lið fundargerðarinnar var því beint til Umhverfisnefndar að sjá um skipulagningu á ruslahreinsun þetta árið. Nefndin leggur til að samband verði haft við formenn hinna ýmsu félaga í sveitinni og þess óskað að félögin taki að sér að týna rusl á ákveðnum svæðum í hreppnum. Sveitarstjóra verði falið að boða formennina til fundar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Umhverfisnefndar.

9. Fundargerð Veitnanefndar dags. 12. Maí.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Héðni Sverrissyni þar sem óskað er eftir tengingu við hitaveitu fyrir smáhýsi við Geiteyjarströnd 1. Veitnanefnd leggur til að orðið verði við erindinu og að forstöðumanni veitna verði falið að finna hagkvæmustu lausnina á því.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skv. framkvæmdaáætlun er fyrirhugað að halda áfram að endurnýja veitulagnir, áfangi 3, í samræmi við áfangaskýrslu 1, frá Fjarhitun. Spurning hefur vaknað um hvort að frekar þurfi að endurnýja lagnir í Skútustaði og Grímsstaði frekar en stofnlögnina frá Bjarnarflagi. Veitnanefnd frestar að taka afstöðu til þess þar til frekari upplýsingar liggja fyrir frá Fjarhitun.

Í þriðja lið fundargerðarinnar lýsir nefndin yfir áhyggjum sínum yfir því að enn skuli ekki lokið svokallaðri hitaveituedeilu á milli eigenda Voga annars

vegar og sveitarfélagsins hins vegar. Nefnd hafi á sínum tíma verið skipuð til að leita leiða til lausnar málsins en enn virðist ekki sjást til lands í því, hverju sæti?

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Veitnanefndar en svarar því til varðandi þriðja liðinn að nú liggi fyrir drög að samkomulagi sem verið er að kynna fyrir hlutaðeigandi.

10. Erindi frá sýslumanni ósk um heimild til niðurfellingar opinberra gjalda.

Með bréfi dags. 7. maí er óskað heimildar sveitarstjórnar til afskriftar opinberra gjalda á einstakling sem úrskurðaður var í gjaldþrot árið 2003 en skiptum á búi hans lauk 2005.

Sveitarstjórn samþykkir að nefndar kröfur verði afskrifaðar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.